

Nd.

55. Frumvarp til laga

[52. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Jónas Jónsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skulu geta notið lána samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins og II. kafla þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og meðfylgjandi fylgiskjal ber með sér, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 2. maí s.l. gefið út úrskurð þess efnis, að lagaheimild skorti til þess að verja fé samkvæmt V. kafla þessara laga til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum í sveitum, eða til þeirra aðila, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins lánar til. Um það má eflaust deila, hvort þessi úrskurður sé í samræmi við tilgang og anda laganna. En hitt er staðreynd, að nú liggur fyrir ráðuneytisúrskurður þess efnis, að það fari eftir búsetu, hvort menn fái aðstoð hins opinbera til þess að komast úr húsnæði, sem talið er að heilsu manna stafi hætta af. Það er því orðið tímabært að breyta þessum lögum á þann hátt, að ekki sé neitt vafamál, hvað löggjafinn ætlast til í þessu efni, enda fráleitt, að búseta eigi að hafa úrslitaáhrif á það, hvort hið opinbera styrki fólk í þessu augnamiði eða ekki. Það er efnahagur, fjölskyldustærð og önnur aðstaða, sem meta á í þessu sambandi, en ekki hvort fólk býr í þéttbýli eða sveit.

Það mun hafa verið árið 1955, sem lögfest var í fyrsta skipti, að ríkið legði fram sérstakt fjármagn til að stuðla að útrýmingu á heilsuspillandi íbúðum.

Fyrstu árin mun fjárveiting til þessa verkefnis hafa verið 3—4 milljónir, en hin síðari 18 milljónir á ári.

Á þessum átján árum hafa ein eða tvær formlegar umsóknir borist frá hreppsnefndum sveitahreppa til að útrýma heilsuspillandi húsnæði, og fyrsta óformlega fyrirspurnin mun hafa verið fram borin fyrir tæpum þremur árum.

Það er því ekki fyrir en nú, eftir að formleg umsókn hefur verið send og ráðuneytisúrskurður liggur fyrir, að tímabært er að leggja fram frumvarp um breytingu á þessum kafla laganna. Áður stóðu menn í þeirri trú, að túlkun laganna mundi tæpast verða sú, sem nú liggur fyrir, að það færi eftir búsetu, hvort opinber fjárstuðningur komi til, þegar fólk er talið búa í húsnæði, sem heilsu þess er hættu búin af, og efnahagur hindrar, að það komist í annað húsnæði af eigin rammleik.

Einu sinni var sagt: „Það er óþarfi að lýsa upp fátæktina,“ og var þá átt við þá, sem í sveitum búa. Sá hugsunarháttur, sem speglast í þessari setningu, á sér vonandi fáa formælendur nú.

En hafi verið af ásettu ráði notað það orðalag í 29. grein laganna, sem knýr lagaskýrendur til að kveða upp þann úrskurð, sem nú liggur fyrir, þá hljóta að vakna upp grunsemdir, að a. m. k. til skamms tíma hafi þessi hugsunarháttur átt sér næga formælendur, meira að segja á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Með flutningi þessa frumvarps reynir á um viðhorf alþingismanna nú, hvort eigi að þessu leyti enn að mismuna fólki eftir búsetu.

Fylgiskjal.

Félagsmálaráðuneytið,
Reykjavík, 2. maí 1973.

Með bréfi, dags. 16. þ. m., hefur stofnunin leitað umsagnar ráðuneytisins um það, hvort unnt sé að veita C-lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða í sveitum, skv. V. kafla laga nr. 30 12. maí 1970.

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um, að fé, sem varið hefur verið til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, hafi nokkurn tíma verið veitt til íbúðabygginga í sveitum. Í raun og veru sýnist það heldur ekki samrýmnalegt sumum ákvæðum laganna. Í 29. gr. laganna segir t. d., að íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skuli geta notið lána samkvæmt II. kafla laganna. Í upphafi þess kafla segir hins vegar, að hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins skuli vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga, annarra en þeirra, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins lánar fé til, sbr. 4. gr. laganna.

Samkvæmt þessu virðist skorta lagaheimild til þess að verja fé skv. V. kafla laga nr. 30 1970 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða í sveitum.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Til Húsnæðismálastofnunar ríkisins,
Laugavegi 77,
Reykjavík.